



María Guðmundsdóttir

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Iceland

Garðabær, 5.3.2025

Málsnúmer: 202502-0049

IAS

Efni:

Vísað er í erindi frá Umhverfis- og orkustofnun, dagsett 17. febrúar 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umsókn Orkubús Vestfjarðar um nýtingarleyfi á jarðhita á Reykhólum.

Orkubú Vestfjarða sækir um nýtingarleyfi á jarðhita í landi í eigu Reykhólahrepps vegna hitaveitu Orkubúsins á Reykhólum. Sótt er um leyfi fyrir 33,75 l/s ársmeðalvinnslu og 33,75 l/s hámarksvinnslu á hverjum tíma. Nýtingarleyfið er byggt á eldra leyfi Orkubúsins sem heimilar 8,75 l/s nýtingu og því til viðbótar 25 l/s sem nýr samningur Orkubúsins við Ríkiseignir heimilar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Um er að ræða talsverða aukningu á nýtingu en ekki eru fyrirhugaðar neinar framkvæmdir þar sem um er að ræða sjálfrennandi vatn úr núverandi borholum Orkubúsins. Núverandi heildarnýting er 35 l/s, sem skiptist á milli Orkubúsins og Þörungaverksmiðjunnar, og með þeirri viðbót sem nú er sótt um verður nýtingin 60 l/s. Samkvæmt mati ÍSOR frá 2017 er afkastageta veitunnar 50-60 l/s þannig að með viðbótinni er vinnslan komin í fulla afkastagetu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt, en setja þarf skilyrði að fylgst sé með breytingum í jarðhitakerfinu miðað við aukna nýtingu.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur